



Reykjavík 9. október 2018

**Umsögn Rannsóknarseturs í fötlunarfræðum  
við Háskóla Íslands  
um  
Tillögu til þingsályktunar  
um lögfestingu samnings SP um réttindi fatlaðs fólks  
Þingskjal 21 – 21. mál.**

Rannsóknasetur í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um lögfestingu samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, lýsir yfir eindregnum stuðningi við hana og hvetjur Alþingi Íslendinga til að samþykkja hana. Hins vegar viljum við koma á framfæri eftirfarandi ábendingum sem grundvallaratriði er að huga að áður en samningurinn verður lögfestur og varða þýðingu samningsins á íslenska tungu.

**Þýðing samningsins er ruglingsleg sorgarsaga og íslenskum stjórnvöldum til vansa. Nú eru aðgengilegar fjórar mismunandi útgáfur á íslensku og óljóst hver þeirra er rétt eða sú sem ber að fara eftir.** Fyrir flesta er afar erfitt að átta sig á hvaða útgáfa gildir. Þetta er alvarlegt því fjölmargir aðilar s.s. fatlað fólk, fagfólk, lögfræðingar, sérfræðingar, nemendur og kennarar í ýmsum greinum og skólum, fólk sem byggir dómsmál á samningnum, og margir fleiri vilja beita samningnum, innleiða hann, túlka eða kynna sér efni hans. Þessir aðilar leita á vefnum – og sú útgáfa sem kemur upp efst er úrelt (önnur útgáfa frá 2009). Fólk á því afar erfitt með að átta sig á hvaða útgáfu á að nota.

Hér fyrir neðan rekjum við stuttlega sögu þeirra fjögurra mismunandi íslensku þýðinga á samningnum, rökstyðjum af hverju engin þeirra er nægilega góð til að vera lögfest og leggjum til vinnulag að nýrri útgáfu sem lögfest verði.

## Í hnotskurn

**Við leggjum til að háttvirt Alþingi gangist fyrir því að unnin verði ásættanleg útgáfa af íslenskri þýðingu sáttmálans hið bráðasta og að það verði gert í samráði við fatlað fólk, samtök fatlaðs fólks og fræðasamfélagið. Sú útgáfa verði lögfest.**

## **Þýðing sáttmálans á íslenska tungu – sorgarsaga**

### **Fyrsta útgáfa (2007)**

Fyrsta útgáfa af íslenskum texta samningsins var gefinn út af félagsmálaráðuneytinu (þáverandi) árið 2007 eða 2008. Sá texti var fullkomlega óásættanlegur og greinilega unninn af fólki sem ekki hafði þekkingu á málefnum fatlaðs fólks. Þessi útgáfa var endurskoðuð fljótlega. Ekki var haft samráð við fatlað fólk, samtök þess eða fræðasamfélagið um þessa útgáfu þrátt fyrir að samningurinn sjálfur kveði á um slíkt samráð. Slóð á fyrstu útgáfu: [https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skiol/Samningur\\_fatladra.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skiol/Samningur_fatladra.pdf)

### **Önnur útgáfa (2009)**

Önnur útgáfa kom út 2009 og er endurskoðuð útgáfa af fyrstu útgáfu. Þessi var heldur skárri en langt frá því að vera góð. Því var útgáfan endurskoðuð. Ekki var heldur haft samráð við fatlað fólk, samtök þess eða fræðasamfélagið um þessa útgáfu. Þó voru það þessir aðilar sem bentu á ágalla þýðingarinnar líkt og með fyrstu útgáfuna. Slóð á aðra útgáfu: <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skiol/10062009SamningurUmRettindiFatladsFolks.pdf>

Rétt er að geta þess að þegar leitað er eftir samningnum á vefnum þá kemur þessi útgáfa iðulega fyrst upp.

### **Þriðja útgáfa (2013)**

Þriðja útgáfa kom út árið 2013 og var unnin að hluta í samráði við fatlað fólk, samtök þess og fræðasamfélagið. Þó var aðkoma þessara aðila takmörkuð. **Þessi útgáfa er sú besta** til þessa en þar eru þó nokkur atriði sem ekki eru rétt þýtt og er afar brýnt að lagfæra (sjá dæmi aftar í þessari umsögn). Við vekjum athygli á að það er þriðja (og besta til þessa) útgáfa á samningnum sem fylgir tillögu til þingsályktunar um lögfestingu samningsins. Brýnt er að laga hana áður en samningurinn er lögfestur. Slóð á þriðju útgáfu: [https://www.althingi.is/alttext/pdf/149/fylgiskjol/s0021-f\\_1.pdf](https://www.althingi.is/alttext/pdf/149/fylgiskjol/s0021-f_1.pdf)

### **Fjórða útgáfa (2016)**

Fjórða útgáfa samningsins á íslensku leit dagsins ljós 2016 og er að finna á vef Alþingis <https://www.althingi.is/alttext/145/s/1637.html> Þessi útgáfa fylgdi tillögu til þingsályktunar um fullgildingu samningsins (þingskjal 1683 – 865 mál) sem fór í gegnum Alþingi með hraði rétt fyrir kosningar haustið 2016, án samráðs við fatlað fólk, samtök þess eða fræðasamfélagið. Þar sem þessi útgáfa var fullgilt telst hún væntanlega formlega séð vera „gild“ íslensk útgáfa samningsins sem er alvarlegt mál því í þessari útgáfu er að finna mjög alvarlega misbresti í þýðingunni.

**Dæmi um ranga og villandi þýðingu:** Versta dæmið er í 3. gr. Almennar meginreglur. Í (d) lið segir í íslenska textanum „d) virðing fyrir frávikum og viðurkenning fatlaðs fólks sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannlegu eðli“. Þetta er fullkomlega fráleit þýðing og í mótsögn við anda samningsins og grundvallarsjónarmið hans. En er jafnframt röng þýðing. Í

enska textanum (gildum texta) segir „(d) Respect for difference and acceptance of persons with disabilities as part of human diversity and humanity;“ en grundvallaratriði 3. gr. og samningsins í heild er að hætta beri að líta á fatlað fólk sem afbrigðilegt og sem frávik og þess í stað sem hluta af mannlegum margbreytileika.

**Við vekjum aftur athygli á því að sú útgáfa samningsins sem fylgir þeirri tillögu til þingsályktunar um lögfestingu er ekki útgáfan sem var fullgilt, heldur þriðja og skásta útgáfan á íslensku.**

### **Auðlesin útgáfa samningsins**

Þessa útgáfu er að finna á heimasíðu Alþingis [https://www.althingi.is/altext/pdf/149/fylgiskjol/s0021-f\\_II.pdf](https://www.althingi.is/altext/pdf/149/fylgiskjol/s0021-f_II.pdf) og fylgir þingsályktunartillögunni um lögfestingu. Þessi útgáfa þarfnast ekki síður endurskoðunar en aðrar útgáfur á íslensku. Inni í þessu skjali er m.a. að finna slóð á fyrstu útgáfu samningsins, sem er fullkomlega úrelt og afar villandi. Það er óverjandi að fólk sem á erfitt með að skilja flókin texta skul leitt inn á óviðundandi og illa unna þýðingu með þessum hætti.

### **Athugasemdir við þýðingu einstakra greina**

Áður en samningurinn er lögfestur er brýnt að sérfræðingar úr hópi fatlaðs fólks, fötlnarfræða og mannréttindalöggjafar lesi yfir íslenskan texta hans og tryggi að þýðing og hugtakanotkun sé rétt.

Hér fyrir neðan eru nefnd tvö dæmi um rangar og villandi þýðingar á greinum þriðju og bestu útgáfu samningsins. **Við leggjum þunga áherslu á að íslenski textinn sé lagfærður þannig að hann sé rétt þýðing á enska (og gilda) texta samningsins.**

### **Tvö dæmi um rangar og villandi þýðingar**

#### **Grein 10. Réttur til lífs.**

##### **Íslenskur texti greinarinnar:**

„Aðildarríkin áréttu að sérhver mannvera eigi meðfæddan rétt til lífs og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk fái notið þess á virkan hátt til jafns við aðra.“ (undirstrikun okkar)

##### **Enskur texti greinarinnar (gildur texti):**

„States Parties reaffirm that every human being has the inherent right to life and shall take all necessary measures to ensure its effective enjoyment by persons with disabilities on an equal basis with others.“ (undirstrikun okkar)

**Hér er ranglega þýtt.** Í enska textanum er „óskoraður réttur til lífs“ (inherent right to life) ekki meðfæddur. Á þessu er mikill munur og mikilvægt að rétt sé kveðið á í íslenskum texta samningsins.

## **Grein 19. Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.**

### **Íslenskur texti, stafliður (b):**

„Að fatlað fólk hafi aðgang að margs konar félagsþjónustu, s.s. aðstoð inni á heimili og í búsetuúrræðum og öðrum stuðningi til samfélagsþátttöku, meðal annars persónulegan stuðning sem nauðsynlegur er til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til að koma í veg fyrir einangrun þess og aðskilnað frá samfélaginu.“

### **Enskur texti stafliðar (b) (gildur texti):**

„Persons with disabilities have access to a range of in-home, residential and other community support services, including personal assistance necessary to support living and inclusion in the community, and to prevent isolation or segregation from the community;“

**Hér er alvarlegur misbrestur á þýðingunni á íslensku.** „Personal assistance“ í enska textaknum vísar í „persónulega aðstoð“ eða „notendastýrða persónulega aðstoð“ (NPA) eins og þessi þjónusta er kölluð á íslensku. Það er brýnt að rétt sé farið með þetta, ekki síst með tilvísun til þess að í nýsamþykktum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er kveðið á um rétt til NPA (11. gr. Notendastýrð persónuleg aðstoð). Það er alvarlegt ef þessi nýju og framsæknu réttindi, sem kveðið er á um í 11 greininni, eigi sér ekki samsvörun í íslenskum texta samningsins, sem lögin byggja á og er ætlað að innleiða. **Þetta er óviðunandi misræmi.**

## **Tillaga um endurskoðaða þýðingu**

Við leggjum til að þriðja og besta útgáfan frá árinu 2013 (og fylgir tillögu til þingsályktunar um lögfestingu) verði endurskoðuð og lagfærð af hópi fólks/sérfræðinga úr röðum fatlaðs fólks, fötlunarfræða og mannréttindalögfræði. Sú útgáfa verði lögfest.

## **Þingsályktun um valkvæðan viðauka**

Loks viljum við minna á að á 145. Löggjafarþingi 2015-2016 var (þann 20. september 2016) samþykkt þingsályktun um að valkvæður viðauki við samninginn skuli fullgiltur fyrir árslok 2017 (þingskjal 1693 – 865.mál). Við skorum á Alþingi að standa við þessa þingsályktun. Sjá á vef Alþingis <https://www.althingi.is/altext/145/s/1693.html> þá ítrekum við að mikilvægt er að **yfirfara íslenska þýðingu valfrjálsa viðaukans** áður en hann er fullgiltur og/eða lögfestur.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Rannsóknaseturs í fötlunarfræðum  
Rannveig Traustadóttir prófessor og forstöðumaður